

**4. mál Umræða um hámarkshraða í Reykjavík (að beiðni Ólafs F. Magnússonar)**

**Ólafur F. Magnússon:** Forseti, góðir borgarfulltrúar. Það er reyndar að marggefnu tilefni sem ég tek þessa umræðu um hámarkshraða í borginni fyrir hér á fundi borgarstjórnar vegna þess að ég hef nú um langt skeið, eða allt frá því að ég var borgarstjóri, frá janúarmánuði til ágústmánaðar 2008, verið að reyna að berjast gegn þeirri tilhneigingu einhversstaðar inni í borgarkerfinu, það er alltaf verið að reyna að draga úr öryggisráðstöfunum í umhverfismálum með því að hækka neðsta hámarkshraða úr 30 í 40 km. Þetta fer mjög fyrir brjóstið á mér vegna þess að það er margsannað að munurinn á 30 og 40 km aksturshraða bíls sem kemur sem högg á lítið barn og jafnvel þá sem eldri eru, er afgerandi.

Enn er beðið eftir því að við séum fullbúin að 30 km væða öll hverfi borgarinnar og miðborgina og á síðasta fundi borgarráðs var verið að greina frá þeim fyrirætlunum að hugsanlega yrði tvíbreið gata, kannski einbreið, sem myndi liggja frá Sæbraut framhá væntanlegri ryðhörpu, tónlistar- og ráðstefnuhúsi, og þar er leyfilegur hámarkshraði 40 km/klst. í staðinn fyrir 30. 40 km hraði er bara algjörlega óásættanlegur þar sem mun seinna meir liggja gönguleið almennings, fólks og líka jafnvel leið hjólandi, yfir umferðaræð. Það er enginn vandi að tryggja 30 km hámarkshraða með nægilega mörgum hraðahindrunum og raunar er það held ég útfærsla á umferðarmenningu sem við eigum eftir að gera, það er að búa til breiðgötur hér í borginni þar sem er ekki hægt að komast hraðar en 30 km hraða, þannig að þetta líður áfram svolítið í takti við mannlífið og flæði gangandi og hjólandi fólks og þegar maður verður var við svona fyrirætlanir, jafnvel nálægt skólum og víða um borgina, inni í hverfunum, er verið að gefa eftir með 30 km. Maður verður gjörsamlega orðlaus.

Og enn þann dag í dag, mér tókst nú ekki að koma því máli í gegn meðan ég var borgarstjóri, er barátta mín, 15 ára gömul barátta mín fyrir því að 30 km hámarkshraði skuli vera ríkjandi í Stjörnugrófinni, alveg eins og á Sogaveginum, er hún ennþá á upphafsreit. Og það eina sem hjálpar mér að sigrast á alltof miklum ökuhraða niður Stjörnugrófina frá Bústaðavegi, fyrir utan að árið 1996 gat ég beitt mér fyrir því sem varamaður í skipulagsráði að

hraðahindrun sem var einskis nýt fyrir framan Víkingsheimilið var gerð almennileg, þannig að fólkið sem gengur eftir göngustígnum frá Ægisíðu upp í Heiðmörk gæti komist þar öruggt yfir. Bílarnir voru þá akandi á 80 km hraða, jafnvel að spyrna frá Blesugrófinni upp Stjörnugrófina. Þetta bara á ekki að vera til og við sem erum Fossvogsbúar, það var ekki fyrr en eftir alvarlegt slys í Óslandinu að það var loksins komið með 30 km hindrun. Þetta er náttúrliga gjörsamlega óþolandi, þessi sofandaháttur í umferðaröryggismálum og viljaleysi til að tryggja lágmarksöryggi borgarbúa og sérstaklega barnanna okkar.

Á öllum þessum svæðum hef ég horft upp á alvarleg slys og þið munið það að ég hef flutt hér tillögur og talað mjög ákveðið fyrir því að gönguleiðin héðan úr miðborg yfir í háskólann sé í eitt skipti fyrir öll tryggð með því að það séu settar hraðahindranir hérna á Suðurgötuna, það er einfaldlega lífshættulegt að ganga meðfram kirkjugarðinum. Ef einhver gefur í er hann bara lentur á viðkomandi, og að það skuli ekki enn vera búið að setja nokkrar hraðahindranir frá Sæmundargötu að hringtorginu fyrir framan Þjóðminjasafnið er bara óþolandi rugl. Ég vil ekki þurfa aftur að koma í þriðja sinn að umferðarslysi á þessu svæði. Ég vil bara ekki þurfa að gera það. Ég var fyrstur á vettvang snemma þessa árs eða á liðnu ári þar sem bíll var að fara fram úr á göngubrautinni á móts við háskólann og ók niður vegfaranda. Ég var að koma úr borgarráði þar sem ég var að tala daufum eyrum fyrir þessum málum. Við erum að útrýma hér slysaöldrum og við eigum að ganga vasklega fram fyrir því, við eigum að ganga til framkvæmda, við þurfum ekkert að leggja það í eitthvað mat hjá umhverfis- og samgönguráði, og ég segi nú bara, ég bið nú bara fyrir þessum málum ef ég skyldi nú mjög óvænt detta út úr borginni eftir næstu kosningar. Ég spyr: hver mun þá halda þessum málum á lofti? Sem ég hef þó gert í 20 ár hér í borginni, með þó að nokkru leyti takmörkuðum árangri, vegna þess að forgangsmálin í borginni hafa alltof sjaldan verið velferð og öryggi borgarbúa.

Þegar ég var borgarstjóri fór ég á fundi hjá íbúum í öllum hverfum borgarinnar til að heyra hvað þeir hefðu að segja um forgangsmálin í hverfunum. Það var nánast undantekningalaust umferðaröryggið. Líf og heilsa og öryggi barnanna, að fólk gæti verið vissu um það ef barnið færi út að leika eða í skólann að

morgni, að það kæmi lifandi heim. Þetta var forgangsmál númer 1, 2, 3, 4 og 5. Það voru ekki liðnar nema tvær vikur frá fundi mínum í Réttarholtsskóla með íbúum í Fossvogs- og Bústaðahverfi þangað til það var farið í vaskar og góðar framkvæmdir varðandi 30 km belti og hraðahindranir á þektri slysaleið barna yfir Háaleitisbraut. Daginn sem mér var hent af fleyi F- og D-lista af sjálfstæðismönnum fyrirvaralaust, voru allar þessar framkvæmdir og áætlanir um frekari hraðahindranir á Háaleitisbraut, Bústaðavegi, Stjörnugróf, Réttarholtsvegi, öllum þessum framkvæmdum var ýtt til hliðar. Það hefur ekki hreyfst eitt hænuft í þessum málum síðan.

En úr því sem komið er geta til dæmis sjálfstæðismenn ekki bætt fyrir þennan framgangsmáta. Það er ljóst að þeir munu missa að minnsta kosti tvo borgarfulltrúa í næstu kosningum, því þeim gengur ekki verr í skoðanakönnunum heldur en í raunveruleikanum þó það sé öfugt hjá þeim sem hér talar, og þá treysti ég því að ef mín nýtur ekki við að menn keyri á þessi mál. Það er nærumhverfið, það er mannlífið, það eru börnin okkar, okkar nánustu sem við verðum að tryggja að séu öruggir í þessari svokölluðu ríku borg sem forgangsraðar alltaf hagsmunum sínum til styrkjagjafa, verktaka, þó að hjartað liggi næst erlendum málmbæðslurism þegar verið er að fjárfesta fyrir peninga borgarbúa.

Það var umræða hér á borgarstjórnarfundi fyrir stuttu þar sem ég gat ekki verið viðstaddur um þessi mál og mér þótti slæmt að heyra að menn voru ennþá í þessum gír að skoða, athuga, kanna nánar. Þið vitið hvað ég meina. Morfísæfingarnar. Glamuryrðin. En engar aðgerðir. Það dugir ekkert í svona málum. Þó við höfum frábæra umferðarsérfræðinga hér í borginni og getum látið þá skrifa skýrslu eftir skýrslu eftir skýrslu, ofan á skýrslu, þá er það bara ekkert boðlegt fyrir þann sem hér stendur og hefur um áratugaskeið verið starfandi læknir, fyrst úti á landi og svo í borginni, og hefur hirt upp mörg slysin, að horfa á svona vinnubrögð, einfaldar, skýrar öryggisráðstafanir sem klárlega spara mannlíf. Skapa margfalt meira öryggi heldur en nokkurn tímann allir stökkarnir dýru og fínu eða landfyllingarnar eða allar þessar áætlanir um Eyjabuggð og annað kjaftæði sem einkennir sérstaklega Sjálfstæðisflokkinn hér í skipulagsumræðunni. Þetta er látið sitja á hakanum.

Það er svolítið sérkennilegt að helsti andstæðingur þess sem hér stendur í flugvallarmálinu, Örn Sigurðsson, hann virðist hafa bara orðið nákvæmlega eins í skipulagsmálum og Gísli Marteinn Baldursson. Mér finnst hins vegar fólk vera hætt að hlusta á Örn. Ég var á fundi með eldri borgurum hér ásamt að minnsta kosti einum borgarfulltrúa hér í salnum sl. föstudag. Það lá við að þegar Örn Sigurðsson hélt sína flugvallarræðu, endurtekið efni, þvert á allar rannsóknir, þvert á klárar skýrslur og greinargerðir um þýðingu flugvallarins fyrir almannavarnir, fyrir samgöngur, fyrir heilbrigðisþjónustu, og allir vita það að ef flugumferðin sem nú er um Reykjavíkflugvöll færðist út á þjóðvegina að það myndi kosta að minnsta kosti fimm mannlíf á ári í aukinni tíðni umferðarslysa og þeirri rússnesku rúllettu sem þjóðvegakerfið okkar er. Þá segi ég bara aftur og bið borgarfulltrúa góðan, Gísli Marteinn Baldursson, að taka ekki Örn Sigurðsson sér áfram til fyrirmyndar í skipulagsmálum.

Ert þú að biðja mig að stytta [forseti slær í bjöllu] mál mitt?

**Forseti:** Nei, við skulum bara forðast að deila við fjarstaddan mann.

**Ólafur F. Magnússon:** Ertu að tala um Örn eða Gísli eða ruglarðu þeim saman?

**Forseti:** Gísli er á fundinum, Örn er ekki á fundinum.

**Ólafur F. Magnússon:** [Hlær] Já, þakka þér fyrir. Ég er kannski farinn að rugla þeim saman enda tala þeir eins í skipulagsmálum, þetta landfyllingablaður, fyrirgefðu, forseti. Ég meina, eftir hrunið, þá getum við ekkert verið að leika okkur í tindátaleik með mannlíf og skipulagsmál. Það þarf fulltíðafólk hér sem hefur alvöru lífsreynslu og þorir að taka ákvarðanir. Þannig að ég óska eftir því í lok þessa fundar, til að fá að semja það, að semja örlitla bókun um allan þann fjölda tillagna sem ég hef flutt um umferðaröryggi bara á þessu ári. 30 km hámarkshraða í öllum hverfum borgarinnar, líka á stofnbrautum þar sem mikið flæði gangandi fólks fer yfir. Hvorki í miðborginni né í hverfum borgarinnar og hvergi þar sem straumur fólks liggur um og ekki eru tryggð mislæg tengsl gangandi og akandi umferðar, þar verður tryggður 30 km hámarkshraði. Ég er búinn að flytja svo margar tillögur um þetta að ég ætla ekki að þreyta Borgarstjórn Reykjavíkur eða hafa uppi leiksýningar eða

flugeldasýningar hér um það að flytja enn eina tillöguna um þessi mál, þó að mér sýnist borgarstjórnarflokkarnir loksins núna, nokkrum vikum fyrir kosningar, vera farnir að flytja tillögur hér í borgarstjórn. Ég hvet alla sem á mál mitt hlusta að lesa fundargerðir Borgarstjórnar Reykjavíkur og athuga það, kynna sér það hvaða framboð og hvaða borgarfulltrúi hefur um langt skeið flutt lang-, lang-, langflestar tillögur á vettvangi Borgarstjórnar Reykjavíkur og ég kvíði ekki niðurstöðunni, fremur en ég kvíði því að í upphafi skyldi endinn skoða og af ávöxtunum skulum við þekkja fólk. Þegar verk okkar verða dæmd þá mun umtalsverður hluti af fylgi fjórflokksins lenda á okkur sem höfum annað verðmæta- og gildismat.

**Forseti:** Borgarfulltrúi Ólafur F. Magnússon hefur lokið máli sínu. Fleiri hafa ekki kvatt sér hljóðs ... Borgarfulltrúi Þorleifur Gunnlaugsson óskar eftir að taka til máls.

**4. mál Umræða um hámarkshraða í Reykjavík (að beiðni Ólafs F. Magnússonar)**

**Þorleifur Gunnlaugsson:** Forseti, borgarfulltrúar. Ég vil þakka borgarfulltrúa Ólafi F. Magnússyni fyrir að taka hér ítrekað upp umræðu um umferðaröryggismál og lýsa því yfir að ég tel það mjög mikilvægt að þessi mál séu stöðugt hér til umræðu. En þau voru svosem rædd hér í borgarstjórn 6. maí þar sem var verið að ræða um ákveðnar leiðir til þess að draga úr umferðarhraða, altso 6. apríl, fyrirgefið þið. 8. apríl lagði ég til í borgarráði tillögu sem hefur verið að flækjast um í kerfinu síðan 2007, upphaflega lögð fram í framkvæmda- og eignaráði, þess efnis að það yrði farið í aðgerðir til þess að auka öryggi á Hofsvallagötu. Þeirri tillögu var síðan vísað inn í umhverfis- og samgönguráð og þaðan inn í hjólreiðahópinn og þar var hún látin malla í einhvern tíma og síðan er hjólreiðahópurinn búinn að skila af sér og einhvern veginn sá ég ekki að það væri verið að gera eitthvað mikið úr þeirri tillögu, þannig að þess vegna taldi ég ástæðu til þess að leggja hana fram í borgarráði 8. apríl og nú sé ég að borgarfulltrúi Gísli Marteinn Baldursson er kominn í salinn og vildi spyrja hann, vegna þess að borgarráð tók mjög vel í þessa tillögu, altso um að þrengja Hofsvallagötuna þannig að það væri ekki hægt að fara fram úr, og hún yrði þrengd með hjólreiðastígum sitt hvorum megin og þessu var vísað semsagt 8. apríl í umhverfis- og samgönguráð og þá vil ég spyrja borgarfulltrúa Gísla Marteinn Baldursson um afdrif hennar.

**Forseti:** Borgarfulltrúi Þorleifur Gunnlaugsson hefur lokið máli sínu. Þá hefur borgarfulltrúi Gísli Marteinn Baldursson óskað eftir að veita andsvar.

**4. mál Umræða um hámarkshraða í Reykjavík (að beiðni Ólafs F. Magnússonar)**

**Gísli Marteinn Baldursson:** Forseti, ágætu borgarfulltrúar. Já, mér er ljúft og skylt að veita þetta svar. Semsagt eftir að tillagan var lögð fram í borgarráði og vísað til umhverfis- og samgönguráðs, þá semsagt var fundur bara þriðjudaginn eftir í umhverfis- og samgönguráði, þá hafði tillagan ekki borist í tæka tíð fyrir útsendingu gagna sem er á föstudeginum, þannig að ég geri fastlega ráð fyrir því að þetta verði á dagskrá næsta fundar í umhverfis- og samgönguráði, af því að það hefur semsagt bara verið einn fundur síðan þetta var tekið upp í borgarráði á sínum tíma og á þeim fundi var þessi tillaga ekki á dagskrá, hafði ekki borist áður en gögn voru send út en þó ég hafi ekki spurt sérstaklega eftir því þá geri ég bara fastlega ráð fyrir að hún hafi borist skömmu síðar og verði þess vegna á dagskránni á fundinum sem er eftir viku hjá umhverfis- og samgönguráði. Þar geri ég ráð fyrir að það verði tekið mjög vel á móti þessari tillögu og það verði tekið vel í hana.

Sjálfur er ég bara sammála meginatriðum hennar. Við þurfum aðeins að sjá hvernig útfærslan er, borgarfulltrúinn hefur sýnt mér ákveðnar hugmyndir að útfærslu, ég veit hvert hans meginmarkmið er með þessu, sem er einfaldlega að koma í veg fyrir framúrakstur og þess háttar og ég styð það heilshugar og geri ráð fyrir því að það náist um það góð sátt í umhverfis- og samgönguráði.

**Forseti:** Borgarfulltrúi Gísli Marteinn Baldursson hefur lokið við að veita andsvar. Þá er umræðu um þennan lið lokið en borgarfulltrúi Ólafur F. Magnússon hefur áskilið sér rétt til að gera stutta bókun undir þessum lið og forseti samþykkir það. Þá er tekin fyrir [frammícall] ... Ertu tilbúinn með hana?

**4. mál Umræða um hámarkshraða í Reykjavík (að beiðni Ólafs F. Magnússonar)**

**Ólafur F. Magnússon:** Að sjálfsögðu. Hún er samin í miklum flýti og flaustrri en þó vonandi ekki ...

**Forseti:** Til máls tekur borgarfulltrúi Ólafur F. Magnússon og gerir grein fyrir bókun.

**Ólafur F. Magnússon:** Forseti, ég treysti því ef þér líkar bókunin ekki að þú leiðbeinir mér um að endursemjja hana. Takk. En hún er svohljóðandi:

Það er ófrávíkjanleg krafa mín og þess framboðs um heiðarleika og almannahagsmunum sem býður fram til borgarstjórnarkosninganna 29. maí nk. að hvergi verði gefið eftir varðandi 30 km hámarkshraða í öllum hverfum borgarinnar, sem og í miðborginni. Umferðarslysum í borginni verður að útrýma með stífum hraðahindrandi aðgerðum og mislægum tengslum gangandi og akandi umferðar.

Takk.

**Forseti:** Borgarfulltrúi Ólafur F. Magnússon hefur lokið við að gera grein fyrir bókun. Þá er umræðu um þennan lið lokið, 4. lið á dagskránni. Þá er tekinn fyrir 5. liður, sem er fundargerð borgarráðs frá 29. apríl. Þar eru tveir liðir undir, það er 32. liður, kosning varamanns í yfirkjörstjórn og 36. liður sem heitir ársreikningur Reykjavíkurborgar. Það er þegar búið að afgreiða þann lið undir 1. lið þessarar dagskrár en þá ætla ég að bera undir atkvæði 32. lið. Hefur borgarfulltrúi Hermann Valsson óskað eftir að taka til máls undir þessu ...? Já, gjörðu svo vel.